



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

189. fundur skólanefndar FS

13. desember 1994

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Einar Trausti Óskarsson, Gísli Brynjólfsson, Hjálmar Arnason, skólameistari og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Baldvinsson.

Dagskrá:

1. Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.
 2. Bréf til fjárhagsnefndar SSS.
 3. Upplýsingabæklingur skólanefndar FS.
 4. Lok haustannar og byrjun vorannar.
 5. Önnur mál.
-
1. Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.
Rætt um frumvarp til laga um framhaldsskóla. Ákveðið að ræða málið á aukafundi nefndarinnar miðvikudaginn 28. desember kl. 14:00.
 2. Bréf til fjárhagsnefndar SSS.
Bréf skólameistara til fjárhagsnefndar SSS vegna framlaga til skólans kynnt. Nefndin gerir tillögurnar að sínum og vonast til þess að SSS verði við þeim fjórum erindum sem þar koma fram.
 3. Upplýsingabæklingur skólanefndar FS.
Bæklingur með upplýsingum um nefndarmenn lagður fram til kynningar og leiðréttinga fyrir lokafrágang.
 4. Lok haustannar og byrjun vorannar.
Hjálmar skýrði frá lokum haustannar og áætlun um upphaf vorannar.
 5. Önnur mál.
 - a) Ákveðið að skipuð verði þriggja manna nefnd til að undirbúa 20 ára afmæli skólans árið 1996.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

2. desember 1994

Fundarboð

Fundur verður haldinn í skólanefnd FS, **fimmtudaginn 8. desember n.k.**
kl. 17:00 í stofu 212.

Dagskrá:

1. Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.
2. Bréf til fjárhagsnefndar SSS.
3. Upplýsingabæklingur skólanefndar FS.
4. Lok haustannar og byrjun vorannar.
5. Önnur mál.

Kristbjörn Albertsson,
formaður.

Hjálagt: Frumvarp til laga um framhaldsskóla.
Bréf til fjárhagsnefndar SSS.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

TIL FJÁRHAGSNEFNDAR SSS

Desember 1994



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

YFIRLIT

1. Framlag vegna viðbyggingar	Kr.	10.185,000
2. Framlag vegna tækjabúnaðar	"	2,100,000
3. Framlag vegna skólaaksturs	"	1,544,000
4. Framlag vegna mötuneytis	"	1,500,000

<u>Samtals:</u>	<u>Kr. 15,329,000</u>
------------------------	------------------------------



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

22. nóvember 1994

TIL FJÁRHAGSNEFNDAR SSS


Framlag vegna viðbyggingar


Við er til samnings Sveitarfélaga á Suðurnesjum við menntamála- og fjármálaráðuneyti um viðbyggingu við FS.

Samkvæmt honum þurfa framlög SSS á árinu 1995 að vera kr. 10.185.000 m.v. byggingavísitölu í desember 1994. Óskað er eftir að greiðslur skiptist þannig:

1. 50% 15. apríl.
2. 50% 15. ágúst.

Virðingarfyllst,


Hjálmar Arnason,
skólameistari.


Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri FS.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

22. nóvember 1994

TIL FJÁRHAGSNEFNDAR SSS


Framlag vegna tækjabúnaðar


Á fjárlögum fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir kr. 3.100.000 til kaupa á tækjum og búnaði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal ríkið greiða 60% af slíkum kostnaði á móti 40% sveitarfélaga.

Að framansögðu ættu sveitarfélögin því að greiða kr. 2.100.000 til búnaðar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á árinu 1995.

Kostnaður SSS vegna tækjakaupa: 2.100.000

Virðingarfyllst,


Hjálmar Arnason,
skólameistari.


Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri FS.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

22. nóvember 1994

TIL FJÁRHAGSNEFNDAR SSS


Frámlag vegna skólaaksturs.


Vísað er til fyrri umræðu við SSS vegna skólaaksturs í tengslum við FS. Viðmiðunartala menntamálaráðuneytis um hlut nemenda er kr. 11.600.- á nemanda á hverri önn (græn kort SVR).

Á haustönn nýttu 117 nemendur sér aksturinn og greiddi hver þeirra kr. 5.000.-

Miðað við ofangreindar forsendur vantar um kr. 1.544.000 á árinu til að þetta dæmi gangi upp.

Virðingarfyllst,


Hjálmar Arnason,
skólameistari.


Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri FS.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

22. nóvember 1994

TIL FJÁRHAGSNEFNDAR SSS

Framlag vegna mötuneytis nemenda.

Vísað er til bréfs frá skólameistara til stjórnar SSS þar sem mælt er til þess að SSS greiði niður rekstur mötuneytis nemenda við FS með því að greiða sem nemur tveimur starfsmönnum laun í 9 mánuði á ári.

Samkvæmt því þyrftu framlög SSS á árinu 1995 að vera kr. 1.500.000.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Arnason,
skólameistari.

Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri FS.

Suðurnesjum 1. september 1994

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Varðar: Rekstur mötuneytis FS.

Þegar ríkið yfirtók rekstur framhaldsskóla var almennur skilningur skóla- og sveitarstjórnarmanna sá að ríkið yfirtæki allan rekstur er verið hafði í einstökum skólum, þ.e. að engin breyting yrði á rekstri skólanna. Þegar á reyndi kom í ljós að skilningur embættismanna ríkisins og stjórnámálamanna var annar. Út voru strikaðir nokkrir þeir þættir er ríkissjóður taldi sér óviðkomandi. Þetta lenti misjafnlega á einstökum skólum. Hófst nú stapp mikið og reyndust báðir aðilar ósveigjanlegir, ríkið hélt við sitt og sveitarfélög stóðu hörð á þeirri túlkun sinni að ríkinu bæri að ala önn fyrir "pakkanum" öllum.

Nú er ljóst hver staðan er. Sveitarfélög eru byrjuð að sætta sig við túlkun ríkisins, enda er hún studd lögum, og tekin að greiða einstaka þætti. Þar má nefna akstur nemenda utan Keflavíkur og Njarðvíkur að og frá FS. Eftir standa þó nokkrir þættir. Hér skal þó sérstaklega vikið að launum fyrir starfsmenn í mötuneyti nemenda. Frá 1. janúar 1990 hefur enginn opinber aðili greitt þau laun, eins og tíðkaðist áður, en kostnaðinum velt yfir á nemendur sjálfa. Kostnaður heimilanna vegna náms í framhaldsskólum er hár. Við ríkjandi atvinnuástand verðum við vör við að fjárráð heimilanna hafa áhrif á einstaka nemendur. Það er trú undirritaðs að sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum vilji halda fæðiskostnaði nemenda í lágmarki og stuðla þannig að bættri heilsu þeirra, andlegri og líkamlegri. Telja má það grundvallaratriði og hafi ómetanlegar félagslegar afleiðingar.

Ljóst er að ríkið muni ekki taka við kostnaði vegna mötuneytis nemenda. Eftir stendur þá hvort sveitarfélögin á Suðurnesjum vilji sýna þá pólitísku djörfung að leggja nemendum sínum lið með því að greiða laun tveggja starfsmanna í 750 manna mötuneyti níu mánuði ársins. Undirritaður skorar á sveitarstjórnarmenn að bregðast vel við þeirri ósk.

Virðingarfyllst,


Hjálmar Arnason,
skólameistari.